

Reglur um greiðslu ferða- og gistikostnaðar

Félagið greiðir ferðakostnað þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins miðað við skemmstu mögulegu dvöl í Reykjavík til að sækja fundinn.

Greiðsla ferðakostnaðar:

- Akstur á eigin bifreið greiðist skv. reglum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins, þó ekki meira en meðalflugfargjald af sama svæði. Ekki er greitt fyrir akstur ef vegalengd að og frá fundarstað er undir 30 km samtals.
- Aðeins er greitt fyrir akstur á einum bíl frá hverjum stað og fulltrúar sameinist um bíla.
- Veggjald um göng greiðist sem stök ferð.
- Fulltrúar sem koma með flugi bóka sjálfir flug á netinu og greiða það. Leita skal ávallt hagstæðasta verðs á fargjaldi.
- Ferðir með áætlunarbifreiðum/ferjum, leigubílakostnaður vegna flugferðar og/eða vegna ferðar með áætlunarbifreið, frá komustað á fundarstað og til baka, er greiddur skv. framlögðum reikningum. Fulltrúar sameinist um leigubíla.
- Fulltrúar taki ekki bílaleigubíla án samráðs við félagið.
- Fylla þarf út ferðakostnaðareyðublað á fundarstað til að fá akstur greiddan og annan útlagðan ferðakostnað skv. reglum og framlögðum reikningum.

Greiðsla gistikostnaðar:

Félagið greiðir gistingu gegn framlögðum reikningum að hámarki kr. 9.400 á nótt. Þeim sem þurfa að gista er bent á eftirfarandi kosti:

1. Bóka herbergi á Sóleyjargötu 25 eða 33 hjá Orlofssjóði KÍ í síma 595-1111 (skiptiborð KÍ) á reikning FF sem greiðir reikninginn. Athugið að þeir sem bóka herbergi á netinu á sinni kennitölu eyða eigin orlofspunktum.
2. Orlofssjóður KÍ getur útvegað afsláttarávísanir vegna gistingar á ýmsum hótelum. Fulltrúar eru beðnir að kynna sér upplýsingar um þetta á vef Orlofssjóðs á heimasíðu KÍ.

Þeir sem nota leið 2 panta hótélherbergi sjálfir á eigin nafni en tilkynna að þeir greiði með afsláttarávísun sem þeir fá hjá Orlofssjóði KÍ. Þeir hafi síðan samband við Orlofssjóðinn sem útbýr afsláttarávísunina á reikning FF (kennitala FF er 510200-2920) sem hægt er að sækja í Kennarahúsið eða að biðja Orlofssjóðinn um að senda í tölvupósti til viðkomandi.

Með félagskveðju

F.h. stjórnar Félags framhaldsskólakennara

Guðríður Arnardóttir formaður